

Efni: Framtíðaráform varðandi Svarta pakkhúsið, Hafnargötu 2a

Í meðfylgjandi erindi er lagt til að bæjaryfirvöld hugi að framtíðarlausnum fyrir menningarhópa í sveitarfélaginu og fari á meðan í lágmarksframkvæmdir í Svarta pakkhúsinu sem duga til að menningarhóparnir okkar geti starfað í umhverfi sem telst a.m.k. öruggt og ekki heilsuspillandi.

...

Eftirfarandi erindi var lagt fyrir stjórn Eignasjóðs Reykjanesbæjar þann 21. desember 2023.

Beiðni um að Svarta pakkhúsinu verði komið í nothæft ástand svo það geti orðið aðsetur menningarhópa í sveitarfélaginu og nothæft fjölnota menningarhús með lifandi menningarstarfsemi þar sem boðið verður upp á námskeið, myndlistarskóla, vinnustofur, vinnuaðstöðu, sýningar og viðburði af ýmsum toga.

Markmið:

- Að koma húsinu öllu í nothæft ástand.
- Að bjóða upp á fjölnota menningarhús fyrir áhugamannahópa og félög.
- Að skapa tækifæri fyrir börn og fullorðna sem hafa áhuga menningartengdu starfi
- Að efla menningarlíf í menningarmiðju Reykjanesbæjar, bæði inn á við og út á við
- Að efla fræðslu og miðlun með námskeiðahaldi og öðru slíku.

Núverandi staða:

Í dag er Svarta pakkhúsið, Hafnargötu 2a, nýtt af félagi myndlistarmanna í Reykjanesbæ (með 40 skráða meðlimi). Félagið hefur til margra ára haft rekstrarsamning um rekstur hússins og afnot af því en sá samningur rann út í árslok 2020 og hefur ekki verið endurnýjaður án þess þó að hróflað hafi verið við starfseminni. Félaginu hefur einungis verið heimilt að nýta jarðhæð hússins en ekki efri hæð, þar sem er mjög rúmgóður salur, vegna þess að húsið hefur ekki verið talið uppfylla nauðsynlegar brunavarnir (sjá fylgiskjal). Árum saman hefur verið talað um að húsið sé víkjandi í skipulagi og af þeim sökum ekki verið sett fjármagn í viðhald á húsnæðinu sem er nú orðið illa farið. Samkvæmt aðalskipulagi er húsið þó ekki víkjandi svo það lítur út fyrir að þessi umræða eigi ekki við rök að styðjast.

Húsið er eina húsið í sveitarfélaginu, fyrir utan Frumleikhúsið, þar sem boðið er upp á aðstöðu fyrir menningarhópa/-félög en er þó aðeins nýtt fyrir þetta eina félag. Því miður hefur starfsemi Félags myndlistarmanna verið í algjöru lágmarki í nokkur undanfarin ár enda aðstæður þar óboðlegar svo margir hafa ekki getað unnið þar inni. Á sama tíma eru ýmsir menningarhópar í bænum á hrakhólum með aðstöðu m.a. Ljósop, félag áhugaljósmyndara (með 30 skráða meðlimi), sem hafði aðstöðu í Vatnsnesi sem er nú komið í langtímaleigu hjá Hótel Keflavík, og Kvennakór Suðurnesja sem lengi hefur leitað eftir samastað, svo einhver félög séu nefnd. Þá má nefna að Myndlistarskóli Reykjaness sem m.a. hefur haldið úti námskeiðum fyrir börn

hefur neyðst til að fella niður sína starfsemi þar sem skólinn á í engin hús að vanda. Listaskóli barna, sem er gríðarlega vinsælt sumarnámskeið fyrir börn, hefur haft aðsetur sitt í Svarta pakkhúsinu árum saman en aðstaðan þar er í raun óboðleg börnum. Til viðbótar má nefna að mjög algengt er að listafólk í sveitarfélaginu leiti til bæjarins í leit að aðstöðu t.d. til að bjóða upp á námskeið eða til að framkvæma einhver verkefni og þá er nánast ekkert sem hægt er að bjóða fólki upp á. Nú þegar fyrir séð er að SBK húsið verður ekki hægt að nýta áfram verður þetta enn erfiðara. Staðan er þó sú að núverandi ástand Svarta pakkhússins býður ekki upp á að fleiri hópar fari þangað inn.

Það er hverju sveitarfélagi mikilvægt að eiga blómlegt menningarlíf og að íbúar geti átt kost á því að leggja stund á menningartengda starfsemi til að auka lífsgæði sín og vellíðan en rannsóknir hafa sýnt að ástundun menningar er ekki síður mikilvæg lýðheilsufræðilega en t.d. iðkun hreyfingar eða líkamsræktar. Það er mikilvægt að við sem sveitarfélag gerum okkur grein fyrir að hér býr ákaflega fjölbreyttur hópur fólks með ólík áhugasvið og við viljum starfa í krafti þess fjölbreytileika og geta mætt þörfum sem flestra sem hér kjósa að velja sér samastað.

Spurningin sem þarf að leita svara við er hvort vilji sé hjá bæjaryfirvöldum til að koma Svarta pakkhúsinu í viðunandi stand og gera það að miðstöð fyrir menningartengda áhugamannahópa og félög svo það geti nýst þeim íbúum sem áhuga hafa á slíku starfi.

Svarta Pakkhúsið

Hér að neðan er mjög gróf áætlun um það nauðsynlega sem þarf að gera til þess að hægt sé að nota efri hæð hússins unnið af starfsmanni hjá eignaumsýslu Reykjanesbæjar. Tekið skal fram að þessi áætlun er byggð á gömlum gögnum og gerð án þess að skoða húsið. T.d er ekki tekið inn viðgerðir og eða skipti á gluggum, ekki bætt við salernum né vöskum og ekkert um gólfíð.

Nýtt járn á þak	320	m2	20.500	6.560.000
Einangrun+rakavarnarlag	300	m2	9.145	2.743.500
Grind+klæðning í loft	300	m2	16.337	4.901.100
Sparsl og málning í loft	300	m2	6.060	1.818.000
Rafmagn+lýsing	1	heild	1.500.000	1.500.000
Ofnar og lagnir yfirferð	1	heild	900.000	900.000
Eldvarnir	1	heild	600.000	600.000

19.022.600

Bókun stjórnar eignasjóðs Reykjanesbæjar var eftirfarandi:

6. Hafnargata 2a - nýting húsnæðis (2023120257)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu gerði grein fyrir málinu.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í þetta verkefni á næsta ári. Stjórn Eignasjóðs óskar eftir hugmyndum frá umhverfis- og skipulagsráði um framtíðarskipulag svæðisins.

....

Undirritaðar telja ástæðu til að lýsa yfir áhyggjum af þeirri þróun sem orðið hefur varðandi aðbúnað/aðstöðu fyrir menningarfélög í Reykjanesbæ. Um árabíl hefur Reykjanesbær lagt sig fram við að reyna að útvega þessum hópum aðstöðu svo hér geti þrífist blómlegt menningarlíf en nú hefur fjarað undan því framboði af húsnæði sem Reykjanesbær hefur upp á að bjóða og því tímabært að huga að framtíðarlausnum.

Meðal þess húsnæðis sem menningarhópar í Reykjanesbæ hafa haft afnot af á liðnum árum má nefna Vatnsnesið sem nú er komið í langtímaleigu, húsnæði í Grófinni 2 sem nú hefur verið selt og til stendur að rífa og Hobby Center á Ásbrú sem var rúmgott frístundahúsnæði frá Varnarliðinu sem nýttist nokkrum félögum og hafði auk þess góðan sal þar sem halda mátti sýningar eða viðburði. Eina húsnæðið sem eftir stendur, fyrir utan Frumleikhúsið sem er í góðum höndum Leikfélags Keflavíkur, er Svarta pakkhúsið sem er hús með mikla möguleika en ástand þess er óviðunandi eins og rakið var hér að framan.

Mikill fengur væri í því að Svarta pakkhúsinu yrði komið í nothæft ástand. Það gæti orðið að lifandi menningarhúsi í námunda við safnahús bæjarins og þannig gæti það stuðlað að því að skemmtileg menningarmiðja myndast á þessum fallega og fjölfarna stað í Reykjanesbæ. Starfsemin yrði sýnilegri sem gæti stuðlað að aukinni þátttöku íbúa í menningarstarfinu og auknu lífi í bænum t.d. með opnum vinnustofum þar sem gestir og gangandi gætu litið við. Staðsetningin er líka frábær í tengslum við Ljósanótt, menningar- fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar og þar gæti verið suðupottur menningar á þeirri hátíð. Eins og staðan er núna erum við í miklum vandræðum að með að aðstoða fólk varðandi sýningahald, sem hefur ávallt verið eitt af aðalsmerkjum hátíðarinnar. Nú er svo komið að við höfum nánast ekkert húsnæði til að bjóða fólki upp á þegar það leitar aðstoðar okkar.

Í Reykjanesbæ er það yfirlýst stefna að við störfum í krafti fjölbreytileikans. Í bænum býr mikill fjöldi fólks með ólíkan bakgrunn og áhugasvið. Sá hópur sem vill taka þátt í menningarstarfi af einhverjum toga má alls ekki verða útundan þegar kemur að stuðningi bæjarins. Í þessu samhengi má geta þess að bærinn styður við ýmis íþróttafélög með húsnæði og er það vel. Þar má t.d. nefna að Borðtennisfélag Reykjanesbæjar og Golfklúbbur Suðurnesja hafa aðstöðu í gömlu slökkvistöðinni við Hringbraut, Pílufélag Reykjanesbæjar hefur góða aðstöðu á Ásbrú, Fimleikadeild Keflavíkur hefur aðstöðu í Íþróttakademíunni, fjórar bardagadeildir hafa aðstöðu í bardagahöll Reykjanesbæjar að Smiðjuvöllum og þá hefur skotdeild Reykjanesbæjar aðstöðu í Sundmiðstöð Reykjanesbæjar auk þess sem hún hefur til afnota útisvæði á Hafnaheiði. Mörg þessara félaga hafa lagt á sig mikla vinnu við að koma þeirri aðstöðu sem þau hafa í gott stand en greiða hins vegar ekkert fyrir afnot af aðstöðunni eða fyrir rekstur húsnæðisins að öðru leyti. Þarna eru a.m.k. níu íþróttafélög sem njóta gjaldfrjálsrar aðstöðu frá Reykjanesbæ. Það er alveg ljóst að án þessarar aðstöðu væri erfitt um vik fyrir starfsemina. Það nákvæmlega sama gildir um menningarfélögin. Ef þau hafa ekki aðstöðu til að stunda sína starfsemi er mikil hætta á að þau lognist út af og það viljum við alls ekki.

Árið 2021 kom út [skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands](#) sem vann rannsókn fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum. Skýrslan ber heitið Samfélagsgreining á Suðurnesjum: Lífsgæði, líðan og virkni íbúa.

Í rannsókninni voru m.a. könnuð tengsl á milli félagslegrar virkni og vellíðunar og komu í ljós að tengsl voru á milli líðanar íbúa og þátttöku í félags- og menningarstarfi. Því meira sem íbúar tóku þátt í félagsstarfi og því oftast sem þeir sóttu menningarviðburði, því betri var líðan þeirra. Rannsóknin sýndi einnig fram á að íbúar á Suðurnesjum sóttu sjaldnar söfn, listsýningar, leiksýningar og leikhús en svarendur af landinu í heild. Auk þess kom fram að nokkur munur var á félagslegri virkni eftir bakgrunni þátttakenda í könnuninni. Konur voru almennt virkari, félagslega, en karlar og íslenskir ríkisborgarar voru jafnframt virkari í menningarsókn og þátttöku í íþrótt-, félags- og tómstundastarfi en erlendir ríkisborgarar.

Af þessu má ljóst vera að við megum ekki slaka á þegar kemur að menningar- og tómstundastarfi hér í bæ og að framboð af slíku starfi hlýtur að skipta þar sköpum. Til að framboðið geti verið til staðar þarf aðstaða einnig að vera til staðar. Við erum t.a.m. með hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna og við þurfum að leita leiða til að virkja alla okkar íbúa. Þess má geta að sífellt fleiri umsóknir frá íbúum af erlendum uppruna hafa borist í menningarsjóð Reykjanesbæjar á síðustu árum sem er vísbending um að hér býr fólk sem hefur áhuga á fjölbreyttri menningarstarfsemi og þetta þurfum við að grípa.

Í málefнасamningi meirihlutans 2022-2026 er einmitt lögð áhersla á mikilvægi þess að virkja sem flesta einstaklinga í samfélaginu til þátttöku og þess getið að það sé ekki síst mikilvægt í fjölmenningsamfélagi líkt og Reykjanesbæ. Þar segir að þátttaka í íþróttum, tómstunda- og menningarstarfi skipti miklu máli í þeim efnum. Þar segir jafnframt að endurskoða þurfi húsnæði menningarstofnana og tryggja að framtíðarstefnur í menningarmálum verði að veruleika.

Meðfylgjandi erindi talar þannig beint inn í málefнасamning meirihlutans og við hvetjum því bæjaryfirvöld til að líta á þetta mál af alvöru og huga að framtíðarlausnum fyrir menningarhópa í sveitarfélaginu og á meðan að fara í lágmarksframkvæmdir í Svarta pakkhúsinu sem duga til að hóparnir okkar geti starfað í umhverfi sem telst a.m.k. öruggt og ekki heilsuspillandi.

Virðingarfyllst,

Guðlaug María Lewis, menningarfulltrúi

Þórdís Ósk Helgadóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs